

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

***Barna- og ungmennalýðræði - kafli í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar***

Meðfylgjandi drög að kafla um barna- og ungmennalýðræði er hér með lagður fram að nýju til kynningar til samræmis við athugasemdir sem bárust frá hverfis- og fagráðum Reykjavíkurborgar vegna umsagnarbeiðna um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar sem og athugasemdum er komu fram á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 12.mars sl.

Sandra Dröfn Gylfadóttir

Hjálagt:

Barna- og ungmennalýðræði - kafli í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, drög

## Barna- og ungmennalýðræði

- Reykjavíkurborg formgeri samráð sitt við ungmennaráð borgarinnar og bregðist við tillögum og ábendingum þeirra.
- Áfram verði stutt við þróunarverkefni sem stuðla að auknu barna- og ungmennalýðræði, t.d. skuggakosningar.
- Samhliða lækkun kosningaaldurs í „Hverfinu mínu“ þá verði komið á reglulegu starfi tengdu verkefninu í samstarfi við leik- og grunnskóla og frístundaheimilin.
- Haldin verði árleg grunnnámskeið á vegum Skóla- og frístundasviðs um lýðræði og lýðræðisvinnu fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum og frístundastarfi.
- Hvatt verði til þess að störf og samskipti kennara og annarra starfsmanna einkennist af lýðræðislegum starfsháttum, enda eru kennarar mikilvægar fyrirmyndir barna og ungmenna
- Gerðar verði tilraunir á frístundamiðstöðvum borgarinnar með að velja umboðsmann ungmenna sem hefur það hlutverk að virkja og styrkja unglunga til þátttöku í lýðræðisvinnu í viðkomandi hverfi. Lögð verður áhersla á getu barna og unglunga til aðgerða og valdeflingu þeirra.
- Lögð verði sérstök áhersla á að draga úr hvers kyns sýndarlýðræði, þar sem ungu fólki er í raun ekki gefið vald það sem fylgja á lýðræðislegri ákvörðunartöku.
- Haldin verða árleg ungmennanæping fyrir unglunga í borginni til að auka virkni og aðkomu barna og unglunga að umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku hjá skóla- og frístundasviði.